



Alþingi  
Erindi nr. P 127, 2011  
komudagur 18.4.2002

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félagsmálanefnd Alþingis  
b.t. Hildar Njarðvík  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 16. apríl 2002

Sam 150/2002 PS/sp  
Tilv.: 215,0/153

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 605. mál**

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 12. apríl, var lagt fram bréf frá félagsmálanefnd Alþingis, dags. 19. mars 2002, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 605. mál.

Stjórnin leggur til að samþykkt frumvarpsins verði frestað sbr. meðfylgjandi umsögn.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 605. mál



## Umsögn

### Sambands íslenskra sveitarfélaga

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga leggur til að afgreiðslu frumvarpsins verði frestað þar til fyrir liggur hvernig sveitarfélögunum verði tryggðar tekjur til að mæta auknum kostnaði sem leiðir af samþykkt þess.

Með frumvarpi þessu er verið að lögfesta ýmis atriði tveggja tilskipana Evrópusambandsins. Annars vegar gerir frumvarpið ráð fyrir að meginatriði tilskipunar nr. 93/104/EB um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma verði lögfest. Hins vegar er gert ráð fyrir að lögfesta ákvæði úr tilskipun nr. 89/391/EBE um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum.

Varðandi vinnutímatilskipunina er það að segja að hún var í raun fest í sessi á Íslandi með samningum aðila vinnumarkaðarins árið 1997. Í þeim samningum voru ýmis atriði tilskipunarinnar útfærð í samræmi við vilja aðila vinnumarkaðarins. Svo virðist sem með frumvarpinu sé gert ráð fyrir að lögfesta útfærslu samnings aðila vinnumarkaðarins og þar með að svipta þá forræði á málinu. Æskilegra hefði verið að ganga skemur við lögfestingu tilskipunarinnar hvað þetta varðar svo halda megí forræði á málinu hjá aðilum vinnumarkaðarins.

Hvað hina tilskipunina varðar er ljóst að um verulegan kostnaðarauka er að ræða fyrir íslenskt atvinnulíf og þar með talið sveitarfélög landsins. Ef marka má umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins sem fylgir með frumvarpinu má gera ráð fyrir að kostnaður sveitarfélaga geti numið frá 150-250 milljónum í upphafi og 70-115 milljónum ári eftir það. Verði frumvarpið að lögum er því ljóst að taka verður málið upp í viðræðum um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Samþykkt á fundi stjórnar sambandsins 12. apríl 2002.

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri